

Fundargerð 137. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 15. október 2018, kl. 12.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Inn á fund stjórnar kom Svanbjörn Thoroddsen og Guðmundur Pálsson frá KPMG.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Aerotropolis.*

Svanbjörn Thoroddsen fór yfir drög að minnisblaði stjórnar um framtíðarskipan skipulags og uppbyggingar á Keflavíkurflugvelli og nágrenni. Stjórn þakkaði KPMG yfirferðina og fól þeim að klára minnisblað og tillögur til ráðherra.

3. *Umsókn um land undir jarðgerð frá Íslenska gámafélaginu.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um umsókn frá Íslenska gámafélaginu um land til afnota undir jarðgerð. Stjórn taldi réttast að Íslenska gámafélagið leitaði til sameinaðs sveitarfélags Garðs og Sandgerðis með erindi sitt áður en stjórn fjallaði efnislega um erindið.

4. *Niðurstaða útboðs vegna girðingar við Patterson.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um niðurstöðu útboðs vegna niðurrifs girðingar við Patterson. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 64 milljónir. Sjö aðilar buðu í verkið og átti Ellert Skúlason ehf. lægsta tilboðið, alls um kr. 8 milljónir. Stjórn tók tilboði Ellerts Skúlasonar ehf. í verkið.

5. *Önnur mál.*

a. *Erindi frá Ásbrú ehf. um framlengingu á forleigurétti á lóðum á Ásbrú í eigu Ríkissjóðs.*

Tekið fyrir á næsta fundi. Til upplýsinga.

b. *Rammaskipulag Ásbrúar*

SS
Tek
KSB